# Reglugerð um skiptingu lottótekna UDN

## 1. Forsendur skiptingar milli félaga

Til að hljóta úthlutun samkvæmt reglugerð þessari þurfa aðildarfélög að skila lögboðnum skýrslum í félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, innan tilskilins frests sem ákveðinn er af ÍSÍ og UMFÍ ár hvert. Aðildarfélög þurfa einnig að hafa boðað löglega til aðalfundar á síðasta almanaksári og staðið skil á ársskýrslum/starfsskýrslum til UDN.

## 2. skipting Lottótekna

a) 70% til aðildarfélaga

b) 30% til UDN

**Forsendur til úthlutunar**: að félag sé með skipulagt starf fyrir ungmenni og börn og skili inn skýrslu til UDN með útlistun á starfinu þ.e. ársskýrslu.

## 3. Skipting Lottótekna, skv. a -lið 2. greinar, milli aðildarfélaga:

a) 20% jafnt á millri allra félaga með **virka** starfsemi

b) 80 % eftir fjölda **iðkenda**[1] 18 ára og yngri

[1]Iðkandi er sá félagsmaður í íþrótta eða ungmennafélagi sem stundar eina eða fleiri íþróttagreinar á vegum félagsins. Iðkandi þarf að vera skráður í viðurkennt skráningarkerfi sem UDN notar í íþróttahreyfingunni.

Samþykkt á 104. sambandsþingi UDN 2. apríl 2025